



SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS
DIRECTORATE OF SHIPPING

Hringbraut 121 Pósthólf 7200 127 Reykjavík
Sími: 552.58.44 Fax: 552.98.35
Banki: Landsbanki Íslands 101-26-9217

Hringbraut 121 P.O. Box 7200 127 Reykjavík Iceland
Tel: +354 552.58.44 Fax: +354-552.98.35
Bank Account: Code: 101 Acc.No.: 26-9217

Nefndadeild Alþingis,
b.t. Hafdísar Ólafsdóttur,
nefndarritara samgöngunefndar,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/417
komudagur 12/12 1995

Tilv. yðar
Your ref.

Tilv. vor
Our ref. 01

Dags.
Date 12.12.1995

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands, 173. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis þann 7. desember 1995 um ofangreint málefni.

Siglingamálastofnun hefur farið yfir ofangreint frumvarp eins og það snýr að núverandi starfsemi stofnunarinnar og hefur í því sambandi m.a. borið texta frumvarpsins saman við lög nr. 20/1986 um Siglingamálastofnun ríkisins. Siglingamálastofnun gerir ráð fyrir að aðrir aðilar s.s. Vita- og hafnamálastofnun og hagsmunaaðilar muni fjalla um þá þætti frumvarpsins sem að þeim snúa.

Siglingamálastofnun gerir athugasemdir við eftirtaldar greinar ofangreinds frumvarps:

um 2. gr.

Í 1. mgr., 4. gr. laga nr. 20/1986 um Siglingamálastofnun ríkisins er kveðið á um að siglingamálastjóri skuli skipaður „til fimm ára í senn“. Í umræddu frumvarpi er ekki að finna slíkt ákvæði. Siglingamálastofnun leggur til að í þessu efni verði haft sambærilegt ákvæði og er að finna í lögum um aðrar svipaðar stofnanir.

Í 3. mgr., 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að samgönguráðherra ráði framkvæmdastjóra deilda. Þar sem forstjóri hinnar nýju stofnunar mun bera ábyrgð á rekstri stofnunarinnar telur Siglingamálastofnun eðlilegra að allt starfsfólk þ. á m. framkvæmdastjórar deilda séu ráðnir af forstjóra. Þess vegna leggur stofnunin til eftirfarandi breytingu:

Í stað textans í 3. mgr., 2. gr. komi:
„Forstjóri ræður starfsfólk Siglingastofnunar Íslands.“

um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins eru verkefni Siglingastofnunar Íslands talin upp. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að miðað sé við að verkefni stofnunarinnar séu þau sömu og hjá Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun. Samanburður á 3. gr. frumvarpsins og 2. gr. laga nr. 20/1986 um Siglingamálastofnun ríkisins leiðir í ljós að sum af verkefnum Siglingamálastofnunar eru ekki talin upp í 3. gr. frumvarpsins.

Í 6. tl., 3. gr. frumvarpsins er Siglingastofnun Íslands falið að annast samstarf við alþjóðastofnanir. Þess ber að geta að með aðild Íslands að EES var Siglingamálastofnun falið að annast samstarf við ESB á grundvelli EES-samningsins um mál sem varða siglingamál. Þetta samstarf er nokkuð umfangsmikið og byggir einkum á 99. gr. EES-samningsins um undirbúning nýrrar löggjafar á EES-svæðinu. Þetta mál skiptir því miklu máli fyrir íslenska hagsmuni. Siglingamálastofnun telur merkingu orðalags 6. tl. of þrönga því stofnanir EES, EFTA og ESB geta ekki talist alþjóðastofnanir og leggur því til að orðunum „fjölbjódastofnanir“ og „fjölbjódasamþykktá“ verði bætt inn í texta frumvarpsins.

Siglingamálastofnun leggur til eftirfarandi breytingar á 3. gr. frumvarpsins:

Í stað orðsins „og“ (7. orð í 5. tl.) komi „um“. Málsgreinin verður því þannig:
„5. Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar ...“

Í stað textans í 6. tl., 3. gr. komi:
„6. Að annast samstarf við alþjóða- og fjölbjódastofnanir og framkvæmd alþjóða- og fjölbjódasamþykktá sem Ísland er aðili að og varða siglinga-, hafna- og vitamál.“

7. tl. verði að 9. tl og eftirfarandi tl. verði bætt við:
„7. Að fylgjast með rannsókn sjóslýsa og veita aðstoð við rannsókn þeirra. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
8. Að annast mál er varða siglingalög og sjómannalög að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.“

um 4., 5., 6. og 7. gr.

4., 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins fjalla um hafnaráð og siglingaráð og verkefni þeirra. Siglingamálastofnun er þeirrar skoðunar að mjög óráðlegt sé að skipa tvö ráð til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar. Í frumvarpinu er siglingaráði m.a. ætlað að fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda og hafnarráði um hafnamál. Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að sameining Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar muni m.a. stuðla að gerð öruggari hafnarmannvirkja. Samkvæmt þessu munu bæði ráðin að hluta til a.m.k. fjalla um sömu málaflokka þ.á m. öryggismál.

Siglingamálastofnun telur nauðsynlegt að um þessi mál verði fjallað á einum vettvangi, þar sem hagsmunaaðilar eru sameinaðir, og leggur því til að umrædd tvö ráð verði sameinuð í eitt.

5. og 7. gr. frumvarpsins fjalla um verkefni hafnaráðs og siglingaráðs. Ekki er ljóst hvernig ber að túlka síðustu málsgreinar þessara tveggja greina en þessar málsgreinar eru samhljóða. Siglingamálastofnun sér ekki tilgang með málsgreinunum og leggur því til að þær verði felldar niður.


um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Siglingamálastofnun telur nauðsynlegt að hér verði miðað við ákveðna dagsetningu einkum í ljósi þess að með lögunum er verið að sameina stofnanir sem verða reknaðar hvor í sínu lagi fram að gildistökunni.

Lokaorð

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur hugsanleg sameining Siglingamálastofnunar og Vita- og hafnamálastofnunar verið til umræðu um nokkurt skeið. Mjög brýnt er að til undirbúnings að slíkri sameiningu verði vel vandað en honum er langt frá að vera lokið. Siglingamálastofnun vill því að lokum beina til Alþingis að þegar gildistaka laganna verður ákveðin verði gert ráð fyrir hæfilegum tíma fyrir báðar stofnanirnar til að búa sig undir fyrirhugaða sameiningu.

F.h. Siglingamálastofnunar ríkisins,



Benedikt E. Guðmundsson
siglingamálastjóri

Afrit: Samgönguráðuneytið